

## **18. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 30. desember 2010, kl. 17:00.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerðir:**

- a) **Bs. um félags-og skólaþjónustu frá 20. desember 2010**
  - b) **Stjórn SSNV frá 15. desember 2010**
  - c) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. desember 2010**
  - d) **Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 10. desember 2010**
  - e) **Stjórnar Norðurár bs. frá 19. nóvember 2010**
  - f) **Stjórnar Norðurár bs. frá 19. nóvember 2010**
  - g) **Stjórnar Norðurár bs. frá 29. nóvember 2010**
- 2. Bréf frá SSNV frá 17. desember 2010**
- 3. Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytið frá 22. desember 2010**
- 4. Bréf frá Town of Nokia frá 16. desember 2010**
- 5. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

#### **1. Fundargerðir:**

- a) Bs. um félags-og skólaþjónustu frá 20. desember 2010**

*Lögð fram til kynningar.*

- b) Stjórn SSNV frá 15. desember 2010**

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra SSNV til að kynna m.a. starfsáætlun atvinnuþróunar SSNV og flutning á málefnum fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.*

*Lögð fram til kynningar.*

- c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. desember 2010**

*Lögð fram til kynningar.*

- d) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 10. desember 2010**

*Lögð fram til kynningar.*

- e) Stjórnar Norðurár bs. frá 19. nóvember 2010**

*Lögð fram til kynningar.*

- f) Stjórnar Norðurár bs. frá 19. nóvember 2010**

*Lögð fram til kynningar.*

**g) Stjórnar Norðurár bs. frá 29. nóvember 2010**

*Lögð fram til kynningar.*

**2. Bréf frá SSNV frá 17. desember 2010**

*Þann 1. janúar n.k. munu sveitarfélög taka formlega við ábyrgð á þjónustu við fatlaða samkvæmt heildarsamkomulagi ríkis og sveitarfélaga. Bæjarstjóri lagði fram þjónustusamning milli byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélaganna sem stjórn SSNV samþykkti á fundi þann 15. desember sl. SSNV óskar eftir að sveitarfélögin taki samninginn til umræðu, staðfesti hann fyrir sitt leyti. Þjónustusamningurinn inniheldur upplýsingar um skipulag þjónustunnar, þjónustuveitingu og fjármögnun.*

*Bæjarráð frestar afgreiðslu á samningnum til næsta fundar bæjarráðs.*

*Bréfið lagt fram til kynningar.*

**3. Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytið frá 22. desember 2010**

*Blönduósbær sótti um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2010/2011. Ráðuneytið hefur fjallað um umsóknina og er niðurstaðan að Blönduósbær fær 100 þorskígildistonn. Ónotað aflamark byggðalagsins vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2009/2010 verður úthlutað eftir þeim reglum sem um byggðakvóta þessa fiskveiðiárs gilda og mun Fiskistofa úthluta því samtímis. Hér er um að ræða 38 þorskígildistonn sem færast á milli ára*

*Bæjarráð mun funda með hagsmunaaðilum.*

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Bréf frá Town of Nokia frá 16. desember 2010**

*Nokia, vinabær Blönduósbæjar, er að endurskoða samvinnu og samskipti vinabæjanna þar sem efnahagsþrengingar steðja að bæjarfélaginu.*

*Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.*

*Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í æskulýðs-og tólmstundanefnd.*

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Önnur mál**

**a) Skólavist utan lögheimilissveitarfélags**

*Sótt hefur verið um að skólavist í leikskólanum á Húnavöllum fyrir tvö börn fram á vor.*

*Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.*

**b) Jólakort**

*Bæjarráð samþykkir að ráðstafa kr. 20.000 sem ella hefði farið í jólakort til Sjónarhóls – ráðgjafarmiðstöð ses. Sjónarhóll veitir faglega og óháða ráðgjöf fyrir aðstandendur barna sem eiga við langvarandi veikindi og fötlun að stríða.*

*Fundargerð upplestin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18:40*

*Kári Kárason (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*